

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, m.a. að koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarféluginu. Landbúnaðarráð sveitarfélagsins fer með framkvæmd málaflokkins.

#### 2. gr.

Búfjárhald nautgripa, hrossa, sauðfjár, svína, kanína, geita, alifugla, loðdýra og annarra þeirra dýra og fugla sem falla undir hugtakið búfé í Dalvíkurbyggð, utan lögbýla, er óheimilt án leyfis landbúnaðarráðs.

#### 3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. gr. skal senda skriflega umsókn til landbúnaðarráðs. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost.

Telji landbúnaðarráð að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er veitir það leyfið. Leyfið skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Um leyfið gilda ákvæði þessarar samþykktar og er það uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum um búfjárhald eins og þau eru á hverjum tíma, eða stjórnavldsreglum settum samkvæmt þeim, má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Útgáfa leyfis er háð því skilyrði að umsækjandi hafi ætíð gilda búfjártryggingu fyrir þann fjöldu búfjár sem leyfið gildir um.

#### 4. gr.

Byggingarfulltrúi skal halda skrá yfir lönd sem úthlutað er til beitar og slægna. Umsóknum um land til grasnytja fyrir búfé skal skila til byggingarfulltrúa sem úthlutar leyfum eftir umsögn landbúnaðarráðs. Leyfin skulu gefin út á nafn og eru ekki framseljanleg.

Þeir aðilar sem halda sauðfé á skipulögðum svæðum, á vegum Dalvíkurbyggðar, hafa upprekstrarrétt fyrir fé sitt á þeim úthaga sem viðkomandi deiliskipulag gildir um, þ.e. Dalvíkurdeild á Ytra-Holtsdal og Árskógsdeild á Þorvaldsdal.

Í leigusamningum skulu vera ákvæði um viðhald gróðurs og ofbeit. Byggingarfulltrúi og/eða landbúnaðarráð geta krafist úrbóta eða sagt upp viðkomandi leigusamningi.

#### 5. gr.

Óheimilt er að halda búfé nema hafa fyrir það hús/skjól sem samræmist reglugerð um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland og föður fyrir búfé sitt. Honum er skylt að gefa búfjárefstirlitsmanni upplýsingar um búfjáreign og heyfeng og sýna honum búfé og aðstöðu þegar þess er óskað.

#### 6. gr.

Öllum umráðamönnum búfjár í sveitarféluginu, á lögbýlum og utan þeirra, er skylt að hafa það í vörlu sem hér segir:

- Nautgripi allt árið.
- Hross frá þeim degi sem hrossasmölun á sér stað samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar til 15. júní nema sérstaklega standi á og þá samkvæmt ákvörðun fjallskilastjóra í umboði sveitarstjórnar.
- Sauðfē samkvæmt gildandi fjallskilasamþykkt.

## 7. gr.

Öllum umráðamönnum búfjár í sveitarfélaginu, á lögbýlum og utan þeirra, er heimilt að nota ógirt heimalönd sín og/eða afrétti til upprekstrar eigin búfjár. Upprekstur á afrétt skal ákveðinn eftir ástandi gróðurs og girðinga hverju sinni í samráði við fjallskilastjóra í hvorri fjallskiladeild fyrir sig.

## 8. gr.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörlsu skal handsama og færa í örugga vörlsu sem búfjárhaldsmaður eða byggingarfullrúi sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Við ítrekuð brot og hafi eigandi vanrækt að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan 10 daga, er heimilt að svipta við-komandi leyfi til búfjárhalds í Dalvíkurbyggð. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

## 9. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald.

## 10. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til landbúnaðarráðs og sækja um leyfi til búfjárhalds innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

## 11. gr.

Brot á samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af landbúnaðarráði og sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt nr. 700 frá 22. september 2003, um búfjárhald í Dalvíkurbyggð.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. júní 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristinn Hugason.**

---

*Sigríður Norðmann.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2013